

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

2. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 14. jan. 2015

Afmælisbörn dagana 15. jan. — 21. jan. 2015

15. Kristinn Björn Haraldsson.
17. Eyþór Pétursson.
18. Kristín Sigurgeirsdóttir.
20. Ari Rúnar Gunnarsson, Gerður Benediktsdóttir,
Steinn Ágúst Steinsson.
21. Ottó Páll Arnarson.



Styrkir til lista og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista og menningarstarfs.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki. Nefndin metur umsóknir með menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir 4. febrúar n.k.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps

Hvað sem verður... komdu í hóp ánægðra viðskiptavina TM

Nýr umboðsmaður TM í Norðurþingi er Árni Pétur Hilmarsson. Tekur hann vel á móti viðskiptavinum okkar í nýju húsnæði að Garðarsbraut 26, Húsavík.

Verið velkomin – það er alltaf heitt á könnunni

Tryggingamiðstöðin
tm@tm.is
tm.is

Garðarsbraut 26
640 Húsavík

amiph@tmumbod.is
Sími 571 8555
GSM 866 3586



Textayfirlestur.

Ég verð í sveitinni næstu mánuði og tek að mér textayfirlestur fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þ.e. hvers kyns lestur og leiðréttingar á skýrslum, bæklingum, heimasíðum, handritum o.s.frv. Einnig get ég aðstoðað við þýðingar á ensku og dönsku. Er menntaður íslenskufræðingur með langa reynslu af prófarkalestri.

Ásta Kristín Benediktsdóttir
s. 8681860
astakben@gmail.com



Jólabækurnar.

Leshringur Gjallanda ætlar að hittast í **Hótel Reykjahlíð** mánudagskvöldið 19. janúar kl. 20:00 og ræða jólabækurnar. Einnig munum við kynna hvað verður á dagskránni á næstunni. Heitt á könnunni og allir velkomnir.

Kveðja, stjórnin



Dagskrá vetrarins á Sel-Hótel Mývatni.

23. janúar. Bóndadagurinn;
Steikarplatti fyrir bóndann og sver öl
21. febrúar. Konudagskvöldverður og Heilsutríóið á Húsavík spilar fyrir matargesti
22. febrúar. Konudagurinn; Sagnagleði, sagnamenn segja skemmtisögur yfir árbít „brunch“.
Sagnamenn nánar kynntir síðar.
- 7.- 8. mars. Husky Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands í sleðahundadrætti og skjöring haldið í Mývatnssveit.
- Tilboð á gistingu og mat á Sel-Hótel Mývatni. Nánari upplýsingar og staðsetning á keppninni verður auglýst síðar á www.sledahundar.is
- 13.- 15. mars. Hópreið á ísilögðu Mývatni á föstudeginum.
Mývatn Open- Hestar á ís keppni á laugardeginum.
Hestamannahóf á laugar dagskvöldið og lifandi tónlist.
- 27.- 29. mars. Vélsleðahelgi.
Keppni á laugardeginum í anda gömlu Mývatns mótanna.
Vélsleðaferð á sunnudaginn með leiðsögn heimamanna.
- 2.- 6. apríl. Páskatilboð í gistingu og mat.
Tilvalið að slaka á og taka þátt í píslagöngunni, skella sér á gönguskíði, fara á vélsleða í skemmtilegu umhverfi og slaka á í Jarðböðunum.
- 13.- 18. apríl. Vordægur; heldri borgara dagar.
Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá.
26. apríl - 1. maí. Vordægur; heldri borgara dagar.
Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá.
2. maí. Tapazkvöld og lifandi tónlist.
9. maí. Tapazkvöld og lifandi tónlist.

Nánari upplýsingar á www.myvatn.is og á facebók Sel-Hótel Mývatni.
Enn fremur ef hægr að senda tölvupóst á myvatn@myvatn.is
Eða hringja í síma 464 4164.
Munið að panta tímanlega.

Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, 660 Mývatn s. 464 4164.

**Þegar allt öskrar á þig
"gefstu upp"
Hvíslar vonin að þér
"reyndu aftur"**

**Stundum fara
hlutirnir
öðruvísi en
við ætluðum**

**Svo komumst
við að því síðar
að það var lán í ólani
og okkur fyrir bestu**

**Aldrei að gefast upp
Alltaf að halda í vonina
Alltaf að trúá að allt fari vel**

Lukkan býr í voninni ♥

hugarurka

ÞORRABLÓT.

Þorrablót Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið
í Skjólbrekku laugardaginn 24. janúar kl. 20:30

Húsið opnað kl. 20:00.
Aldurstakmark 16 ár.

Miðaverð er kr. 3.500.

Hljómsveitin Legó leikur fyrir dansi.
Kaffi sykur og mjólk á staðnum.

Miðar verða seldir föstudaginn 23. janúar
í Strax Reykjahlíð frá kl. 15:00 – 17:00.
Einnig í Skjólbrekku laugardaginn 24. janúar
frá kl. 14:00 – 15:00 og þá er hægt að koma með trogin.


ENGIR POSAR

Þátttaka tilkynnist til:

Huldu í sínum í 464 4189 og 863 1484
eða Söllu P. í síma 847 2077
miðvikudaginn 21. janúar og
fimmtudaginn 22. janúar frá kl. 15:00 - 19:00.

Munið að stilla gestafjölda í hóf
og ekki verður selt inn á dansleikinn,
hann er einungis fyrir matargesti.

Nefndin.





Frá Íþróttamiðstöð.



Opnunartími í vetur (frá og með 1. janúar)

Íþróttamiðstöðin og sundlaugin verða opin sem hér segir:

Mánudaga:	16:00 – 20:00
Þriðjudaga:	16:00 – 20:00
Miðvikudaga:	16:00 – 20:00
Fimmtudaga:	16:00 – 20:00
Föstudaga:	12:00 – 16:00
Laugardaga:	12:00 – 16:00

Fólki er velkomið að nýta sér ræktina á meðan skólaíþróttir eru í húsinu og starfsfólk á staðnum.

Tímar í íþróttasal verða með óbreyttu sniði en badminton færast til kl. 17:00 á mánudögum og þriðjudögum.

Kveðja, forstöðumaður

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



HM í handbolta

og við verðum með leiki RÚV á stóra skjánum.

15. jan. opið kl. 17:00 – 21:00

opunarleikur Katar - Brasilía kl. 18:00

16. jan opið kl. 17:00 – 21:00

ÍSLAND - Svíþjóð kl. 18:00

17. jan opið kl. 17:00 – 21:00

18. jan opið kl. 14:00 – 21:00

ÍSLAND - Alsír kl. 16:00

19. jan opið kl. 17:00 – 21:00

20. jan opið kl. 17:00 – 21:00

ÍSLAND - Frakkland kl. 18:00

21. jan opið kl. 17:00 – 21:00

22. jan opið kl. 17:00 – 21:00

ÍSLAND - Tékkland kl. 18:00

23. jan opið kl. 17:00 – 21:00

24. jan opið kl. 14:00 – 21:00

ÍSLAND - Svíþjóð kl. 16:00

HM matseðill á tilboðsverði.

Matseðillinn verður inni á fésbókinni frá og með fimmtudeginum 15. janúar og gildir þar til úrslitaleik er lokið.

Eins og áður verðum við með HM - leik í gangi á fésbókinni þá daga sem Ísland keppir - vertu með og þú getur unnið inneign á Daddi's pizza.

Sími: 773 6060

Möguleiki á opnun utan afgreiðslutíma ef pantað er með fyrirvara.